



Fjallaskilanevnd Grímsnes- og Grafningshrepps

Fundargerð.

17. fundur fjallaskilanevndar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn að Hömrum, miðvikudaginn 14. desember 2016 kl. 19.30.

Fundinn sátu:

Auður Gunnarsdóttir, formaður

Benedikt Gústavsson

Björn Snorrason

Ingólfur Oddgeir Jónsson

Sigrún Jóna Jónsdóttir

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Benedikt Gústavsson

1. Unnin fjallskil.

Nefndin kom saman, fór yfir reikninga og lagfærði eins og þurfti.

Unnin fjallskil voru samtals 3.124.000 kr.

Unnin fjallskil sem þarf að innheimta:

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum, samtals 512.000 kr.

Bláskógabyggð vegna Þingvallasveitarafréttar austan vatna, samtals 150.000 kr.

Orkuveita Reykjavíkur vegna Nesjavalla, 21 dagsverk að fjárhæð 250.000 kr. og akstur að fjárhæð 35.000 kr. Samtals 285.000 kr.

Orkuveita Reykjavíkur vegna Ölfusvatns, 9 dagsverk fjárhæð 100.000 kr. og akstur að fjárhæð 20.000 kr. Samtals 120.000 kr.

Hagavík 3 dagsverk, samtals 35.000 kr.

Úlfjótuvatn 4 dagsverk, samtals 75.000 kr.

Samtals fjallskil sem þarf að innheimta eru 1.177.000 kr.

Áætlun fyrir fjallskil árið 2016 var 2.173.643 kr.

Fjallskil samtals árið 2016 var 1.947.000 kr.

Hagnaður 2016 er því 226.463 kr.

2. Hesthús í Kerlingu.

Fjallaskilanevnd fer fram á að settar verði þakrennur á húsin inn við Kerlingu til að brynna bæði mönnum og hrossum. Einnig að hesthúsið verði varið fyrir ágangi hrossa að innanverðu.



Fjallskilanevnd Grímsnes- og Grafningshrepps

3. Akstursreikningar.

Farið var yfir verðskrá varðandi akstur og hann samrýmdur .

Þjóðgarður, Mjóanes, Laugarvatnsréttir og Kaldárhöfði 15.000 kr.

Hofmannaflöt 20.000 kr.

Tjaldafell 25.000 kr.

Trúss 1,5 dagsverk.

Óskað er eftir að þetta verði sent út til þeirra sem skila inn reikningum fyrir unnin fjallskil.

Ekki fleira tekið fyrir og fundið slitið kl. 23:27